

ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Á SUÐUREYRI SKÓLAÁRIÐ 2019-2020



Ábyrgðaraðili er Jóna
Benediktsdóttir

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2019-2020

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Stiklað á stóru um óvænt atriði.....	2
Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2019-2020.....	3
Nemendafjöldi	4
Nefndir og ráð	4
Fjöldi kennslustunda.....	5
Skipulag kennslu	5
Breytingar vegna sóttvarna.....	6
Samstarf heimila og skóla	7
Heimsóknir	8
Skólaferðalag.....	9
Markmið og stefna.....	9
Stefna Grunnskólans á Suðureyri	10
Starfsmarkmið skólaársins 2019-2020	10
Kennsla og skipulag bekkjardeilda.....	13
Yngsta stig.....	14
Miðstig.....	15
Elsta stig	17
Smiðjur	19
Föstudagsverkefni.....	20
Valgreinar	21
Forföll nemenda	21
Um starfsmannamál.....	21
Samræmdar mælingar.....	22
Samræmd könnunarpróf	22
Lesferill.....	23
Milli mála	23
Aðkeypt þjónusta.....	23
Sjálfsmat	23
Viðhald	24
Fjárhagsáætlun.....	24
Samstarf við nærsamfélagið	25
Lokaorð	26

Inngangur

Í ársskýrslu Grunnskólans á Suðureyri er lýst helstu skipulagsatriðum vetrarstarfsins og stiklað á stóru í yfirferð yfir helstu verkefni. Tilgangur með ritun skýrslunnar er að halda til haga helstu upplýsingum um skólastarfið. Skýrslan er send Skólasviði Ísafjarðarbæjar og skólaráði Grunnskólans á Suðureyri og birt á heimasíðu skólans. Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri frá hausti 2018 er Jóna Benediktsdóttir sem er jafnframt ábyrgðaraðili þessarar skýrslu.

Stiklað á stóru um óvænt atriði

Þetta skólaár hefur verið óvenju viðburðaríkt. Mygla greindist í skólahúsnæðinu undir vor 2019 og þurfti því að fara í umfangsmiklar framkvæmdir. Skipt var um þak á stórum hluta skólans í sumarleyfinu og var þeirri framkvæmd hvergi nærri lokið þegar kennarar komu til starfa auk þess sem skólastjóri starfaði við vægast sagt mjög óvenjulegar aðstæður í júlí og ágúst, þar sem stillansar voru innanhúss og verið var að negla niður þak ásamt ýmsu öðru. Verkefnalisti haustsins fór því öðruvísi en ætlað var. Fyrstu viku kennara við störf eftir sumarfrí voru þeir að koma húsgögnum og búnaði á sinn stað og þrifa. Skólabyrjun var seinkað um einn dag svo húsnæðið yrði orðið þannig að hægt væri að ganga um það. Þetta hafði áhrif á allt skipulagsstarf haustannarinnar þar sem ekki var hægt að vinna að kennsluáætlunum fyrir skólabyrjun eins og venjan er þar sem öll gögn voru lokuð af vegna framkvæmdanna. Nú þá notuðum við tækifærið þar sem hvort sem er þurfti að hafa hönd á hverjum einasta hlut í skólanum til að þrifa rækilega og flokka ýmsar eigur skólans og jafnframt færðum við bókasafn skólans fram á gang á efri hæð og losuðum þar með eina kennslustofu sem nú verður notuð fyrir Tónskóla og samsöng.

Veður hafði síðan óvenju mikil áhrif í janúar og febrúar þegar gekk á með hverri djúpu lögðinni á eftir annarri. Í eitt skipti var skólanum lokað og prisvar til viðbótar var veður svo slæmt að engin börn mættu í skólann.

Í lok mars byrjaði svo Covid-19 faraldurinn að geisa og frá 16.mars var skólahald takmarkað þannig að þess var gætt að nemendahópar hittust ekki innan skóladags og kennarar fóru ekki milli námshópa. Þetta hafði óneitanlega mikil áhrif á skólastarfið og til dæmis varð að fella



Þó snjórinn hafi stundum gert okkur erfitt fyrir var hann líka uppspretta margra verkefna.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2019-2020

niður árshátíð skólans og við treystum okkur ekki til að halda úti mötuneyti með þessum skilyrðum. Skólinn var svo lokaður nemendum frá 14.- 24.apríl eða í 8 skóladaga. Þann tíma voru nemendur unglingastigs í beinni zoom-kennslu með sínum kennurum og nemendur miðstigs fengu verkefni í google classroom. Nemendur á yngsta stigi fengu lestrar- og stærðfræðiverkefni heim á þessum tíma. Þessar takmarkanir og lokanir hafa haft margvísleg áhrif og ekki hefur verið hægt að halda áætlun í fjölda verkefna sem skólinn var með á döfinni. En þær kenndu okkur einnig talsvert og erum við nú mun betur að okkur í kennslu gegnum upplýsingatækni en áður.

[Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri skólaárið 2019-2020](#)

Í vetur hafa starfað við skólann 14 starfsmenn í föstum stöðuhlutföllum og einn stundakennari.

Starfsmenn allt árið:

Aldís Jóna Haraldsdóttir,	35% starf, leiðbeinandi
Arnheiður Svanbergisdóttir	50% starf, stuðningsfulltrúi
Bryndís Birgisdóttir	100% starf, umsjónarkennari
Edda Björk Magnúsdóttir	73% starf, leiðbeinandi og umsjónarkennari
Janusz Frach	8% starf, leiðbeinandi
Jóhannes Aðalbjörnsson	100% starf, kennari
Jóna Benediktsdóttir	100% starf, skólastjóri
Jónína Hrönn Símonardóttir	18% starf, náms-og starfsráðgjafi
Kristrún Linda Jónasdóttir	62,5% starf, stuðningsfulltrúi
Sara Hrund Signýjardóttir	50% starf, íþróttir og samsöngur
Sigmar Þór Óttarsson	50% starf, kennari
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	13% starf, dans
Thitikan Janthawong	50% starf, skólaliði
Vilborg Ása Bjarnadóttir	100% starf, umsjónarkennari

Námsráðgjafi færðist af skólasviði Ísafjarðarbæjar til skólans í janúar og skólahjúkrunarfræðingur sem í vetur var Helena Hrund Jónsdóttir, er ráðinn við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og sinnir lögbundinni þjónustu við skólann með reglulegum heimsóknunum. Guðríður Sigurðardóttir grunnskólakennari var stundakennari við skólann í vetur og sá um sundkennslu.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2019-2020

Nemendafjöldi

Í upphafi skólaárs voru nemendur 43 en við lok þess voru þeir 45 og dreifing í árganga sem hér sýnir:

bekkur	stúlkur	drengir	alls
1	5	3	8
2	1	1	2
3	2	0	2
4	3	2	5
5	3	5	8
6	0	5	5
7	0	2	2
8	3	2	5
9	5	1	6
10	1	1	2
alls	23	22	45

Hlutfall nemenda sem eiga annan eða báða foreldra af erlendum uppruna er 53%.

Nefndir og ráð

Samkvæmt reglugerð skal starfa skólaráð og nemendaverndarráð við skólann.

Þetta skólaár störfuðu í skólaráði Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Krístrún Linda Jónasdóttir, stuðningsfulltrúi, María Kozak og Sverrir Bjarki Svavarsson, fulltrúar nemenda, Svava Rán Valgeirsdóttir og Tara Óðinsdóttir fulltrúar foreldra og Guðni Einarsson, fulltrúi nærsamfélags. Skólaráð fundaði einu sinni á skólaárinu og fór yfir hefðbundin verkefni skólaráðs svo sem skóladagatal og almennt skipulag skólastarfsins.

Í nemendaverndarráði störfuðu Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri, Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari, Þórunn Berg, skólahjúkrunarfræðingur, Jónína Hrönn Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi og Dagný Snæbjörnsdóttir, fulltrúi barnaverndar. Nemendaverndarráð fundaði einu sinni á skólaárinu.

Í skólanum starfaði einnig nemendaráð sem skipuleggur félagslíf nemenda. Í því sitja allir nemendur unglingastigs. Stjórn nemendaráðs var að þessu sinni skipuð þeim Weroniku Anikiej sem var formaður, Svanfríði Guðnýju Þorleifsdóttur sem var ritari, Alexöndru Harðardóttur sem var gjaldkeri,



Hrekkjavökuball

Sverri Bjarka Svavarssyni og Stanislaw Anikiej sem voru meðstjórnendur. Vinna þess var með hefðbundnum hætti, skipulögð voru margskonar skemmtikvöld og gefið út skólablað og nemendaráð gegndi einnig mikilvægu hlutverki við

skipulag og úrvinnslu varðandi nemendaping. Vinna nemendaráðs takmarkaðist seinni hluta árs vegna samkomubanns.

Fjöldi kennslustunda

Skólaárið 2018-2019 var skólanum úthlutað 145 kennslustundum og voru þær allar nýttar.

Þar af fóru 15 í beina sérkennslu eða kennslu í öðru móðurmáli en íslensku og 18 í skiptikennslu í verkgreinum og vali en nemendur unglingastigs fóru að auki í 4 kennslustundir á viku í valgreinar í Grunnskólann á Ísafirði.

Skipulag kennslu

Nemendur skólans eru nú 45 og er kennt í þremur bekkjardeildum. 1.-3. bekkur með 12 nemendur, 4.-7. bekkur með 18 nemendur og 8.-10. bekkur með 15 nemendur. Við skipulag skólastarfsins er lögð áhersla á að uppfylla skyldur samkvæmt viðmiðunarstundaskrá þrátt fyrir að það geti verið flókið þegar um svo fáa nemendur er að ræða. 1.-7. bekkur eru saman í verkgreinum sem eru skipulagðar sem smiðjur, þá fara nemendur í tilteknar vikur í hverja grein og skipta svo, þessir tímar féllu niður meðan á takmörkunum á skólahaldi vegna sóttvarna stóð. 8.-10. bekkur tóku megnið af sínum valgreinum í Grunnskólanum á Ísafirði og fóru nemendur í val tíma þar á mánudögum og fimmtudögum. Það fyrirkomulag raskaðist þó á Covid tímanum. Sund var kennt í námskeiðsformi á haust- og vorönn, tímar á vorönn urðu þó færri en til stóð vegna samkomubanns. Dans var fastur á stundaskrá nemenda einu sinni í viku og einnig söngstund. Þessir tímar féllu niður á Covid tímanum. Haldin voru tvö nemendaping þar sem allir nemendur skólans ræddu með skipulögðum hætti annars vegar um samskipti í frímínútum og matsal og hvernig væri best að hafa fyrirkomulag þannig að allir geti verið öruggir og sáttir og hins vegar um einelti og hvað starfsfólk,



Frá söngstund í október

foreldrar og nemendur gæti gert til að fyrirbyggja það. Á þriðja þinginu sem haldið var voru einungis nemendur unglingastigs en þá skilgreindu nemendur einkunnarorð skólans. Fjórtða þingið sem átti að vera í maí varð að fella niður vegna sóttvarnanna. Tilgangur þinganna er margþættur en fyrst og fremst að efla lýðræðiskunnáttu nemenda með því að fá þeim tækifæri til að tala saman og ná samkomulagi um atriði sem skipta máli í skólastarfinu. Þá var einnig tekin upp vinna við áhugasviðsverkefni á mið- og elsta stigi. Verkefnið var í vinnslu í fjóra

tíma á viku, á föstudögum. Ýmist lögðu kennarar upp ákveðið þema sem nemendur gátu mótað sér eigið verkefni innan eða að nemendur höfðu algjörlega frjálst val um hvað þeir gerðu. Þetta verkefni mælist vel fyrir hjá nemendum og verður því haldið áfram á næsta skólaári.

Breytingar vegna sóttvarna

Eins og aðrir skólar landsins þurftum við að gera ýmsar breytingar á skólastarfinu á tímum samkomubanns og takmarkana vegna sóttvarna. Í byrjun marsmánaðar tóku við nýjar reglur um þrif og handspritt var sett í allar skólastofur og hurðarhúnar og aðrir fletir sem mikið mæðir á sóttreinsaðir með reglulegu millibili allan daginn. Í vikunni 16.-20.mars hófust takmarkanir formlega, þá var þess gætt að nemendur hittust ekki milli námshópa og notuðu ekki sömu verkfæri, það leiddi til þess að loka varð mötuneyti skólans þar sem ekki var hægt að tryggja fjarlægð milli manna þar og skólastarf var því aðeins fram að hádegishléi þessa viku. Næstu tvær vikur þar á eftir voru gerðar enn frekari ráðstafanir, þá máttu hvorki kennarar né nemendur fara á milli námshópa. Það leiddi til þess að skipta þurfti starfsmönnum niður á námshópa og kennarar þurftu að ganga inn í kennslugreinar annarra. Einnig þurfti á þessum tíma að hleypa nemendum inn í skólann í hollum og hafa frímínútur skiptar milli námshópa. Þetta gekk nokkuð vel og lítið var um árekstra. Að loknu páskaeyfi var svo skólinn lokaður nemendum í tvær vikur en þá voru hertar takmarkanir í gangi á norðanverðum Vestfjörðum. Á þeim tíma voru nemendur unglingastígs í beinni fjarkennslu hjá sínum kennurum, nemendur miðstígs fengu verkefni í google-classroom og nemendur yngsta stígs fengu lestrar- og stærðfræðiverkefni send heim. Alls voru átta dagar með þessu sniði. Næstu tvær vikur þar á eftir var takmörkunum aflétt að hluta og leyfilegt að taka aftur upp sama fyrirkomulag og var fyrir páskaeyfi, það er að gæta þess að námshópar hittist ekki og starfsmenn fari ekki milli námshópa. Frá 11. maí mátti svo skólastarf aftur færast í upphaflegt horf. Alls voru það því átta vikur sem skólastarf var að einhverju leiti breytt vegna fyrirmæla um sóttvarnir. Þetta hafði gríðarleg áhrif á skólastarfið, til að mynda þurfti að fella niður árshátíð skólans og fræðslufund fyrir foreldra sem vera átti 14. apríl. Valgreinar, verkgreinar, íþróttir, söngstund og dans féllu niður á þessum tíma en kennarar fóru út með sína nemendur til að tryggja þeim útivist að minnsta kosti einu sinni á dag. Þá voru margir nemendur og foreldrar áhyggjufullir sem einnig hafði áhrif. Námsráðgjafi kom ekki í skólann á þessum tíma þar sem hann starfar á fleiri starfsstöðvum. Þetta hafði einnig áhrif á félagsstarf nemenda sem féll nánast alveg niður á þessum tíma. Búið var að aflétta takmörkunum að mestu fyrir

skólaslit en þó var enn mælt til þess að gefa fólki kost á að halda tveggja metra fjarlægð sín á milli, því var ákveðið að bjóða aðeins foreldrum nemenda í 10.bekk á skólaslitaathöfn, aðrir nemendur fengu vitnisburð sinn afhentan hjá sínum umsjónarkennara. Tveir starfsmenn skólans fóru í úrvinnslusóttkví á tímabilinu en enginn nemandi eða kennari greindist með coronavírusinn.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimilis og skóla var með ágætum á skólaárinu þó að ekki hafi verið hægt að halda áætlun bæði vegna veðurs og sóttvarna. Í upphafi skólaárs komu foreldrar allra nemenda með þeim á markmiðsfund í skólanum, þar voru í sameiningu lagðar línur fyrir veturinn.

24.október var boðað til fræðslufundar fyrir foreldra með sérstaka áherslu á það sem skilur að íslenskt skólakerfi og skólakerfi í Evrópu, þaðan sem margir foreldrar okkar nemenda koma. Einnig stóð til á þeim fundi að efna til skipulagðra samræðna meðal foreldra um réttindi og skyldur þeirra í skólastarfinu. Samið hafði verið við brúarsmiði Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda um að vera með fræðsluna fyrir foreldra. Ekki var flogið til Ísafjarðar þennan dag svo leiðbeinendur komust ekki. Eftir að reynt hafði verið að finna annan dag sem hentaði, varð ljóst að það yrði ekki fyrr en 14.apríl. Þá var ákveðið að breyta dagskrá á fyrirhugðum fræðsluviðburðum fyrir foreldra og þann 12. nóvember var haldinn fræðslufundur um svefn og næringu og að erindum loknum skilgreindu foreldrar einkunnarorð skólans í skipulögðum samræðuhópum. Túlkað var á þrjú tungumál á þessum fundi. Á degi íslenskrar tungu var foreldrum og öðrum gestum boðið á lestrarhátíð í skólanum. Þá höfðu nemendur undirbúið upplestur og söng og boðið var upp á veitingar. Um miðjan febrúar voru foreldraviðtöl sem að þessu sinni voru skipulögð af nemendum. Þar sýndu nemendur foreldrum sínum valin verkefni og útskýrðu hvað þeir höfðu verið að læra við vinnslu þeirra. Að því loknu var send könnun á foreldra þar sem þeir voru spurðir álits á þessu fyrirkomulagi og voru allir mjög jákvæðir. Foreldrafélagið hélt þorablót í lok febrúar þar sem borðaður var þorramatur, sungið og farið í margvíslega leiki og á eftir var dansað. Fræðslufundinum sem vera átti þann 14.apríl varð að fresta vegna sóttvarnafyrirmæla og einnig öðru starfi sem krafðist nálægðar.

Heimsóknir

Hér verður reynt að gera grein fyrir helstu heimsóknum sem nemendur fóru í, viðburðum þar sem þeir voru þátttakendur, einnig heimsóknum í skólann sem varða nám nemenda eða skipulag kennslu. Talsvert samstarf var við hinu litlu skólana í sveitarfélaginu.

Við fórum til Súðavíkur á „Öðruvísleikana“ sem er sameiginlegur leikjadagur minni skólanna á svæðinu.

6. og 7. bekkur fóru í skólabúðirnar að Reykjum ásamt nemendum frá öðrum stöðum á norðanverðum Vestfjörðum. Að þessu sinni voru það 7 strákar sem fóru með umsjónarkennaranum sínum og voru bæði nemendur og kennari alsælir með ferðina.

Nemendur unglingastigs, það er 7.-10. bekkur, hófu skólaárið með því að fara í tveggja daga gönguferð þar sem gengið var frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík. Í upphafi ferðar var veðrið gott og allir náðu að tjalda í þurru en um nóttina kom hellirigning svo frágangur að morgni varð krefjandi.

Margir nemendur voru hissa á hversu myrkrið verður svart á Hornströndum og hversu gaman er að horfa á stjörnuhimininn við þær aðstæður. Með þeim í för voru skólastjóri og íþróttakennari.

Yngsta stig fór í heimsókn til Súðavíkur en þar var farið að skoða Melrakkasetrið. Einnig var kíkt í heimsókn í Sætt og Salt ásamt elstu nemendum leikskólans.

Í dagskránni „List fyrir alla“ fengum við heimsókn frá Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur en hún var að kynna „Barnabókaflóðið Ævintýraleiðangur fyrir allskonar krakka“. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en það voru nemendur í 1. – 6. Bekk sem nutu hennar.

Einnig fengum við heimsókn frá „Skáld í skólum“ en það voru þau Linda Ólafsdóttir teiknari og Vilhelm Anton Jónsson söngvari, tónlistarmaður og barnabókahöfundur sem voru með skemmtilega dagskrá fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.

Yngsta stig horfði líka á beina útsendingu frá skólatónleikum Sinfóníu hljómsveitar Íslands og var það mikil upplifun fyrir marga nemendur.

Einar Mikael töframaður kom tvisvar í heimsókn og sýndi töfrabrögð fyrir alla nemendur.



Frá öðruvísleikunum í Súðavík



Áskoranir geta verið af mörgum toga, sumir nemendur höfðu aldrei vaðið vfir á.

Í tengslum við átak um bættu sorpflokkun fengum við kynningu frá fyrirtækinu Terra sem sér um sorphirðingu í Ísafjarðarbæ. Kynningin fór fram í gegnum fjarfundarbúnað og tóku nemendur því sem sjálfsögðum hlut og voru ófeimnir við að spyrja spurninga.

Nemendur 9. og 10. bekkjar fóru þrisvar sinnum í tíma til Auðar Yngvadóttur, ökukennara, í undirbúning fyrir bóklega hluta ökunámsins. Stelpurnar í 9. og 10. bekk tóku þátt í viðburðinum „Stelpur og tækni“ sem Háskólinn í Reykjavík bauð til og var rafrænn að þessu sinni.

10. bekkur fór einnig á kynningu í Menntaskólanum á Ísafirði.

Flestar vikur skólaársins var eitthvað um að vera í skólanum sem ekki var á hefðbundinni stundatöflu og líklegt að eitthvað af því hafi gleymst í þessari upptalningu.

Starfsmenn áttu einnig í bæði formlegu og óformlegu samstarfi, sameiginlegur starfsdagur litlu skólanna var haldinn á Flateyri, þar var haldið skyndihjálparnámskeið og haldinn var fyrirlestur um samskipti við foreldra af erlendum uppruna. Kennarar frá okkur tóku einnig þátt í „Frjóum fimmtudögum“ sem er haldið úti af áhugafólki um skólaþróun.

Skólaferðalag

9. og 10. bekkur fer í skólaferðalag annað hvert ár og í ár var farið í ferðalag. Að hausti skoðuðu nemendur hvað væri í boði að sjá og gera og völdu sér stað út frá því. Þeir völdu að fara á Suðurlandið ásamt umsjónarkennara sínum. Dvalið var þrjár nætur í sumarbústað á Flúðum þaðan sem farið var í dagsferðir. Farið var í dagsferð til Vestmannaeyja þar sem nemendur fóru meðal annars í ribsafari, skoðuðu Eldheima, prufuðu að spranga, fóru í Herjólfsdal og fengu skoðunarferð um Heimaey. Þá var einnig farið að Gullfossi og Geysi, Seljalandsfossi og á Stokkseyri og Eyrarbakka. Frá Flúðum var svo farið til Suðurnesja eftir Suðurstrandavegi til að ganga brúna á milli Norður- Ameríku og Evrópu. Síðasta nóttin var í Reykjavík þar sem skoða átti í búðir en þær lokuðu snemma og opnuðu seint svo það fór ekki eins og ætlað var. Í ferðinni fengu þátttakendur ekta íslenskt sumarveður, það er rok og rigningu, en létu það ekki trufla sig.

Markmið og stefna

Skólanámskrá skólans var endurskoðuð af starfsmönnum á liðnu hausti. Einkunnarorð Grunnskólans á Suðureyri eru „ástundun, árangur, ánægja“. Grunnskólinn á Suðureyri starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla 2013 og skólastefnu Ísafjarðarbæjar með gildin; virðing, ábyrgð, metnaður og gleði að leiðarljósi.

Stefna Grunnskólans á Suðureyri

Að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

Starfsmarkmið skólaársins 2019-2020

Eftirfarandi markmið voru sett fyrir skólaárið 2019-2020. Nú hafa þau verið metin eins og kemur fram hér að neðan og ný markmið sett fyrir skólaárið 2020-2021 bæði í ljósi mats á þessum markmiðum, niðurstaðna úr sjálfsmati starfsmanna og nemenda og framgangs þróunarverkefnis skólans.

Starfsmarkmiðum skólaársins má skipta í fjóra meginflokka sem lýst er hér að neðan:

I. Að efla gagnrýna hugsun, ábyrgðartilfinningu, að hlusta á raddir nemenda og lýðræði í skólastarfi

Leiðir:

- Lögð verði áhersla á að efla gagnrýna hugsun og ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir eigin ákvörðunum og þátttöku í samfélaginu. Haldnir verði nemendafundir að minnsta kosti þrisvar á ári, þar af sá fyrsti í upphafi skólaárs. Á fundunum verði fjallað um skipulag frímínútna, viðfangsefni fyrir árshátíð, þemadaga, viðfangsefni í útivist, skipulag náms og kennslustunda, leiðir til að byggja upp góðan bekkjar- og skólaanda og fleira eftir því sem hentar skólastarfinu og nemendum hverju sinni.
- Bekkjarsáttmálar verði unnir fyrir lok október í öllum bekkjum og endurmetnir í febrúar.



Hluti af lýðræðisvinnu skólans felst í að halda regluleg nemendafing þar sem nemendur ræða með skipulögðum hætti um tiltekin mállefni.

- Einkunnarorð skólans verði skilgreind á samræðufundi nemenda og þau tengd við bæði nám og frístundir.

Mat: Nemendakönnun Skólapúlsins um líðan nemenda, fjöldi nemendafunda og samræðuefni verði skráð.

Niðurstaða, metið að vori 2020

Aðeins var gerð ein nemendakönnun á vegum Skólapúlsins og niðurstöður því ekki fyllilega sambærilegar því sem áður hefur verið gert en vísbendingar komu fram í könnuninni um að vinna þyrfti betur með sjálfstraust nemenda og samskipti þeirra á milli. Haldnir voru þrír nemendafundir, á þeim fyrsta var fjallað um samskipti í frímínútum og umgengni í matsal. Á öðrum fundinum um einelti og hvað starfsfólk, nemendur og foreldrar gætu gert til að fyrirbyggja það og á þeim þriðja voru einkunnarorð skólans skilgreind. Foreldrar höfðu einnig skilgreint einkunnarorðin en enn á eftir að vinna eina sameiginlega skilgreiningu út frá vinnu nemenda og foreldra. Ekki var hægt að klára þá vinnu vegna sóttvarna vegna Covid-19.

II. Framfarir í námi miðað við landsmeðaltal

Leiðir:

- Áfram verði lögð sérstök áhersla á lestur og þá sérstaklega að nemendur á mið- og eldra stigi lesi heima í það minnsta fimm sinnum í viku og á ákveðnum tímabilum lesi allir nemendur upphátt í skólanum í það minnsta tvisvar í viku.
- Foreldrar fái upplýsingar um stöðu skólans miðað við landsmeðaltal og lögð verði aukin áhersla á samstarf við foreldra um nám.
- Lögð verði áhersla á starfsaðferðir sem miða að því að vinna með orðaforða í gegnum öll viðfangsefni grunnskólans. Kennarar fái sérstaka leiðsögn sérfræðinga til að móta starfsaðferðir sem auka og þjálfa virkan orðaforða nemenda.

Mat: Viðmið Menntamálastofnunar í lesfimi, niðurstöður samræmdra prófa, mat kennara og sérfræðings á vinnu með orðaforða.

Niðurstaða, metið að vori 2020

Þegar niðurstöður úr lesfimi viðmiðum Menntamálastofnunar eru borin saman milli ára má sjá að nemendahópnum í 1.-7.bekk fór aftur í lesfimi frá maí 2019 til september 2019 það er yfir sumarmánuðina. Nemendur 8.-10.bekkjar stóðu hins vegar í stað frá vori til hausts. Öllum nemendahópum fór vel fram yfir veturinn þó að enn sé nokkuð í land hjá sumum námshópum í að ná landsmeðaltali. Tveir árgangar eru yfir landsmeðaltali nú að vori og einn hópur er undir fyrsta skilgreinda viðmiði MMS. Aðrir námshópar eru yfir fyrsta viðmiði en ná þó ekki landsmeðaltali. Þetta er aðeins betri staða en vorið 2019.

Þar sem nemendahópar skólans eru litlir eru aðeins skoðuð fimm ára meðaltöl niðurstaðna samræmdra prófa. Þar eru niðurstöður svipaðar og á síðasta ári, nemendur fjórða bekkjar virðast vera að bæta sig bæði í íslensku og stærðfræði en nemendur 7.bekkar sýna aðeins framfarir í stærðfræði. Ekki eru til vinnsluhæfar tölur fyrir nemendur 9.bekkar.

Allir foreldrar fengu upplýsingar um stöðu barna sinna í lestri miðað við landsmeðaltal. Þá voru einnig allir nemendur skólans prófaðir með prófinu „Milli mála“ og foreldrum hvers barns kynntar niðurstöður og gerðar tillögur að vinnu heima sem væri hjálpleg til að efla orðaforða. Mat kennara á vinnu með orðaforða er að enn megi gera betur og hafa vinnu nemenda meira sýnilega á veggjum skólans. Ekki gekk að fá mat sérfræðings skólans á vinnunni vegna sóttvarna.

III. Nám, námsárangur, kröfur og námsmat

Leiðir:

- Mikilvægt er að kennarar útskýri námsmarkmið og leiðir fyrir nemendum og foreldrum í það minnsta í upphafi skólaárs og við annarskipti.
- Unnið verði sérstakt verkefni sem miðar að því að útskýra námsmarkmið sérstaklega fyrir nemendum og hvetja þá til að taka aukna ábyrgð á að móta eigið nám og skilja samhengi milli ástundunar og árangurs.
- Allar kennsluáætlanir verði metanlegar og tengdar viðmiðum úr námskrám.
- Lögð verði aukin áhersla á ábyrgð og virkni nemenda við að móta eigin nám í þeim tilgangi að efla námsáhuga þeirra.
- Lögð verður áhersla á formlegt samstarf um kennslu milli kennara innan skólans og viðvera næsta vetrar skipulögð með hliðsjón af því að kennarar námshópa eigi formlegt samstarf um verkefni. Kennarar fá stuðning sérfræðings við þessa vinnu.
- Viðbótarkennsla í tungumálum fari fram fyrir utan stundaskrá bekkja.
- Lögð verður aukin áhersla á samstarf við kennara leikskólans og kennara í öðrum skólum sveitarfélagsins.

Mat: Mat nemenda á virkni og eigin ábyrgð í Skólapúlси, kennsluáætlanir yfirfarnar í október og febrúar, mat kennara á samstarfi.

Niðurstaða, metið að vori 2020

Þátturinn virkni nemenda og ábyrgð á eigin námi kom mjög vel út í Skólapúlси og mátu nemendur skólans virkni sína mun meiri en almennt gengur og gerist. Kennsluáætlanir voru yfirfarnar með kennurum í október og nóvember og innihald þeirra rætt en ekki náðist að fara

yfir þær með öllum kennurum á vorönn. Mat kennara á samstarfi vegna áhugasviðsverkefnis er að þar hafi samstarf verið gagnlegt og leitt til framþróunar í vinnubrögðum en enn má gera betur í samstarfi um einstakar námsgreinar.

IV. Samstarf heimila og skóla

- Skipulagt verði þróunarverkefni með það að markmiði að efla samstarf heimilis og skóla með sérstakar áherslur á að ná til foreldra af erlendum uppruna í þeim tilgangi að mæta betur þörfum barna þeirra.
- Einkunnarorð skólans verði skilgreind á samræðufundi foreldra.
- Haldnir verði 2-3 fræðslufundir fyrir foreldra. Umfjöllunarefni verði: Um réttindi og skyldur nemenda og foreldra í íslenska skólakerfinu og í framhaldinu samræðufundur um hvernig það er frábrugðið því skólakerfi sem erlendir foreldrar þekkja. Um hvernig foreldrar geta stutt börn sín í námi þrátt fyrir að vera ekki fullkomlega færir í íslensku og um lestur og lestrarfærni.
- Allir námshópar bjóði foreldrum á að minnsta kosti eina uppskeruhátíð/sýningu á verkefnum sínum.
- Lestarahátíð Suðureyrar verði haldin 16.nóvember.

Mat: Þróunarverkefni verði unnið samkvæmt áætlun, skilgreining einkunnarorðanna verði gerð sýnileg, fræðslufundir verði samkvæmt áætlun og allir námshópar haldi að minnsta kosti eitt foreldrabóð.

Niðurstaða, metið að vori 2020

Ekki var hægt að halda áætlun um þróunarverkefni, þar settu veður og færð strik í reikninga fyrri hluta skólaársins og á síðari hlutanum var samkomubann svo ekki var hægt að halda foreldrafundi eins og áætlað hafði verið. Einnig reyndist ekki hægt að klára skilgreiningar á einkunnarorðum skólans, þar sem skólahald var með talsverðum takmörkunum eftir 19.mars. Hið sama gildir um foreldrabóðin sem ekki var hægt að setja á dagskrá á seinni hluta skólaársins vegna sóttvarna.

Starfsmarkmiðin voru metin með reglulegum hætti yfir skólaárið

Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Nemendum skólans er kennt í þremur bekkjardeildum í öllum kennslustundum nema í verkgreinum. Sérstök móðurmálkennsla er í tælensku og pólsku og fer hún fram eftir að annarri kennslu lýkur.

Yngsta stig

Á yngsta stigi voru 12 nemendur. Í fyrsta bekk voru 8 nemendur, 2 í 2. bekk og 2 í 3. bekk. Kynjaskipting var 8 stelpur og 4 strákar. Umsjónarkennari yngsta stigs var Vilborg Ása Bjarnadóttir. Auk hennar kenndu Jóhannes Aðalbjörnsson, Aldís Jóna Haraldsdóttir, Sara Hrund Signýjardóttir, Bryndís Birgisdóttir, Sigurrós Eva Friðjónsdóttir og Jóna Benediktsdóttir og Krístrún Linda Jónasdóttir stuðningsfulltrúi var einnig með hópnum í flestum kennslustundum.



*Nemendur og starfsmenn
yngsta stigs við
bekkiarsáttmálann sinn*

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið var út frá Byrjendalæsi í fyrsta og öðrum bekk og lögð var áhersla á stafainnlögn og orðaforða. Í þriðja bekk var talsverð verkefnavinna meðfram vinnu í námsbókum. Tvisvar yfir veturinn var unnið aukalega með lestur með því að taka lestrarátök. Unnið var með helstu atriði íslenskunnar svo sem sérhljóða, nafnorð, stafrófsröð, stóra stafi og litla stafi, eintölu og fleirtölu og lesskilning. Einnig var farið í verkefni í tengslum við aukinn orðaforða nemenda með því að vinna með orð sem tengdust sögu vikunnar. Orðin voru sett upp á vegg og rifjuð upp reglulega. Einnig notuðu nemendur þau í ýmsa vinnu svo sem í sögugerð og að raða í stafrófsröð.

Stærðfræði

Nemendur unnu með aldursmiðað efni, það er stuðst var við þær bækur sem stílað er inn á fyrir hvern árgang og notast var við *Sprota 1a og b, 2a og b, 3a og b*. Einnig var annað efni notað þegar ástæða þótti til. Spilahringekja, bingó og fimmmínu-kubbar voru notuð yfir veturinn. Stærðfræðileikir á mms.is voru einnig nýttir til þess að hafa sem mesta fjölbreytni. Einnig var farið yfir þann orðaforða sem tengist stærðfræði svo sem fleiri, færri, stærri, minni, jafnt og, samlagning og frádráttur.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með umferðarfræðslu og stuðst var við bókina *Aðgát í umferðinni*. Einnig var unnið með Uppbyggingarstefnuna en þar var farið yfir þarfirnar og gerð þarfagreining hjá nemendum. Einnig var farið yfir hlutverkin og gerður bekkjarsáttmáli. Farið var yfir þessi atriði þegar leið á veturinn og rifjað upp. Bekkjarfundir voru haldnir.

Samfélagsfræði

Komdu og skoðaðu Umhverfið og *Komdu og skoðaðu Eldhúsið* voru bækur sem unnið var með í samfélagsfræði. Var lögð áhersla á umhverfið í nærsamfélaginu, form sem við sjáum í umhverfinu og dýralíf. Einnig voru gerðar nokkrar tilraunir á efnum sem tengjast eldhúsinu og unnið eð orðaforða í tengslum við eldhúsið.

Náttúrufræði

Unnin voru ánægjuleg og fjölbreytt verkefni með áherslu á dýr og tækni. Námið var blýants- og blaðalaust, en krafðist töluverðrar samvinnu á milli nemenda auk eigin ígrundunar.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á þol og styrktarþjálfun, samskipti, aga, orðaforða og grunnhreyfifærni. Einnig var lagður grunnur að lýðræðislegum vinnubrögðum nemenda í íþróttum.

Miðstig

Hópurinn taldi 16. nemendur við upphaf skólaárs, 11 drengir og 5 stúlkur. Í 4. bekk voru tveir drengir og tvær stúlkur. Í 5. bekk voru 4 drengir og 3 stúlkur, í sjötta bekk voru 5 drengir. Í apríl bættust svo tveir drengir í hópinn annar í 4. bekk og hinn í 5. bekk. Umsjónarkennari miðstigs var Edda Björk Magnúsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Jóhannes Aðalbjörnsson, Bryndís Birgisdóttir, Sigmar Þór Óttarsson, Aldís Jóna Haraldsdóttir, Sara Hrunn Signýjardóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir, Eva Friðþjófsdóttir og Jóna Benediktsdóttir.

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Í íslensku var lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni og var náminu skipt upp í bóklega vinnu og verkefnavinnu ýmiskonar. Sérstök áhersla var á ritunarhæfni, tjáningu og lesskilning. Bækur sem notast var við voru t.d. *Orðspor 1* og *2*. *Skinna og Skrudda*, *Ás og Tvistur*, *Smellur 1* og *2*. *Dagbókin mín 1, 2 og 3*, *Mál í mótun*, ljóðabækur, efni af Skólavefnum og 123.skóli, ýmis verkefnahefti, sögubækur og skriftarbækur.

Stærðfræði

Fjórdi bekkur sem voru fimm nemendur var með miðstiginu í þessari námsgrein þeir nemendur voru í *sprotta 4a* og *4b*. Fimmti og sjötti bekkur tókust á við *Stiku*, annars vegar fyrsta heftið a og b og hins vegar annað heftið a og b. Aukaefni var útbúið af kennurum eftir þörfum.

Náttúrufræði

Til grundvallar voru kennslubækurnar *Lífrikið í fersku vatni* og *Auðvitað – á ferð og flugi*. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði við skráningar og upplýsingaöflun. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Allt miðstigið var í þessum áfanga 4.-6. bekkur samtals 18. nemendur. 4. bekkur fékk tvær kennslustundir á viku og 5.-6. bekkur fjórar stundir á viku. Fyrir annarskipti var farið í *Norðurlöndin*, *Búddatrú* og *Islam*. Eftir annarskipti var farið í *Grænu skrefin* og nemendur lærðu umhverfisvitund. Fimmti og sjötti bekkur tóku einnig *Gyðingdómur*, *Hindúatrú* og *Kristinfræði*.

Enska

Í þessum áfanga voru nemendur 4.- 6. bekkjar, samtals átján nemendur. Nemendahópnum var skipt í tvennt:

6. bekkur ásamt einum nemanda úr 5. bekk, 5 nemendur. Þessi hópur var með *Action* les- og verkefnabók ásamt *Portfolio*-þemaheftum, og valið efni úr *Build up 1*. Meðfram þessu voru svo málfræðiæfingar og orðaforðavinna. Hópurinn er nú komin í 4. k. *textbook* og *workbook B*. Hinn hópurinn samanstóð af nemendum úr 4.-5. bekk ásamt einum nemanda úr 6. bekk, alls 13 nemendur. Grunnkennsluefnið var *Speak out*-lesbók og *Work out*-verkefnabók. Þessi hópur kláraði *Speak out*- og *Work out* á skólaárinu, upprifjunarverkefni voru tekin úr bókunum *Into hobbies*-*Portfolio*-leshefti ásamt ljósrituðu verkefnahefti sem upplagt er að halda áfram með. Orðaforðavinna var unnin og jafnframt unnið í ljósrituðu málfræðihefti með góðum málfræðiæfingum.

Danska

Í dönsku voru nemendur 5. og 6. bekkjar, um byrjendakennslu er þar að ræða og einungis kennd ein kennslustund á viku. Grunnkennsluefnið var *Start*, les- og verkefnabók. Paravinna var notuð bæði í bóklegri vinnu og verkefnavinnu. Unnið með grunnþættina hlustun, ritun og orðaforða.

Lífsleikni

Í lífsleikni var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, samtal bekkjarfélaga, samvinnuverkefni og umræður um vinsamlega hegðun og samskipti. Farið var ofan í saumana í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og bæklinginn *Réttindi mín*. Haldnir voru bekkjarskiptir eftir þörfum. Haldið var eitt bekkjakvöld fyrir áramót þar sem farið var í ýmsa leiki, spilað, dansað og



Tilraunatími í samfélagsfræði

bakaðar pizzur. Bekkjakvöld sem átti að vera í mars féll niður vegna Covid-19, fyrirhugað var að fara í Nerf á skólalóðinni og verður það að bíða næsta skólaárs.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á þol og styrktarþjálfun, hópleiki og hótéfli, samskipti, aga, orðaforða og grunnhreyfifærni. Unnin voru lýðræðisleg verkefni sem höfðu það að markmiði að auka metnað og áhuga nemenda.

Elsta stig

Í elsta hóp eru 15 nemendur, 6 drengir og 9 stúlkur.

Þar er samkenndsla fjögurra árganga og eru 2 nemendur í 7. bekk, 5 nemendur í 8. bekk, 6 nemendur í 9. bekk og 2 nemendur í 10. bekk. Umsjónarkennari elsta hóps er Bryndís Ásta Birgisdóttir. Aðrir kennarar sem koma að kenndu hópsins eru: Jóhannes S. Aðalbjörnsson, Sigmar Þór Óttarsson og Sara Hrunn Signýjardóttir.



Stuðningsfulltrúi er Arnheiður Svanbergisdóttir. Sérkennari er Vilborg Ása Bjarnadóttir. Nemendur í 8. – 10. bekk fóru í valgreinar í Grunnskólanum á Ísafirði.

Unglingastig 19-20

Helstu námsgreinar og viðfangsefni

Íslenska

Unnið er út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Náms efni kemur því úr ýmsum áttum en grunnefni fyrir 8. – 10. bekk er *Skerpa 1 -3, Kveikjur og Gullvör*. Í 7. bekk voru meðal annars notaðar bækurnar *Orðspor 3* lesbók og vinnubók og *Töfraskinna*. Ýmsar bókmenntabækur eru notaðar ásamt ljóðabókum og tilfallandi verkefnum. Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir til dæmis hópinnlagnir, verklegar æfingar, innlifun og tjáning, hópvinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Stærðfræði

Teknir eru fyrir námsþættir úr Aðalnámskrá grunnskóla. Náms efni fyrir 8. – 10. bekk sem hentar í hvert sinn er tekið úr *Skala 1 – 3, Almennri stærðfræði I – III* og efni af vef og fyrir 7. bekk úr *Stika 3* og efni af vef. Allir bekkirnir fóru í fjármálafræðslu. Ýmsir kennsluhættir eru

notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og könnunarpróf í lok kafla ásamt verkefnavinnu.

Náttúrufræði

Bækurnar *Eðlisfræði 1*, *Lífheimurinn* og *Mannslíkaminn* voru lagðar til grundvallar kennslu í vetur. Gerðar voru tilraunir og verkefni í bókum unnin. Spjaldtölva var notuð óspart bæði til að skrá inn á og til að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Samfélagsfræði

Aðalnámsefni skólaársins fyrir 7. bekk var *Norðurlönd* lesbók og vinnubók og *Snorra saga*. Fyrir 8. – 10. bekk var notað námsefnið *Um víða veröld* og *Styrjaldir og kreppa*. Áfram var unnið í *Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna* í gegnum Erasmus+ verkefni ásamt nemendum í 10. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði og skólum í Svíþjóð, Hollandi, Grikklandi og Búlgaríu. Ýmsir kennsluhættir eru notaðir t.d. hópinnlagnir, verklegar æfingar, hópavinna og sjálfstæð skapandi vinna. Námsmat er símat og verkefnavinna.

Enska

Til grundvallar náms voru bækurnar *Spotlight*, *Move on*, *Go for it* og *Texts & task*. Netíð var óspart nýtt til þjálfar nemendur í ensku og þær bjargir sem þar er að finna í námi um enska tungu. Einstaklingsmiðað nám með leiðsagnarmati til styrkingar á eðlilegri námframvindu og góðum árangri.

Danska

Nemendahópurinn var í upphafi þrískiptur þar sem 7.bekkur (2) var í *Start*-bókunum, 8.bekkur (4) í *Smart*-bókunum, og 9./10.bekkur (6) voru saman fram að jólum í *Tak*-bókunum. Eftir jól urðu hóparnir 4 þar sem 9.bekkur fékk í hendur *Smil*-bækurnar í stað *Tak*, 7.bekkur lauk við *Start*-bækurnar rétt eftir jól og tóku þá til við *Smart*-bækurnar. 10.bekkingar (2) voru áfram með *Tak* (en luku þeim ekki í vor, m.a. vegna C19) en fengu að breyta til og þar kom til nýtt léttlestrarkennsluefni, *Alarm* og *Scooter*. 8.bekkur var allan tímann í *Smart*-bókunum en náðu að ljúka þeim bókum og fengu nýtt efni, *Dejlige Danmark*, les- og verkefnabók. Hóparnir þrír fyrst, en fjórir á vormisseri unnu frekar sjálfstætt þar sem spjaldtölvun skipaði stóran sess. Við lestur texta höfðu nemendur lestexta fyrir framan sig en voru jafnframt með hljóðbók opna í spjaldtölvunni, og hver og einn vann með einstaklingsbundnum hætti. Sömuleiðis var þess gætt við verkefnavinnu að þar væri samfellu haldið til þess að nemendur áttuðu sig sem best á hvað hver kafli fjallaði um. Tengt verkefnabók var rafrænn hlustunarþáttur sem nemendur unnu í verkefnabók ásamt spjaldtölvu. Málfræði-innlagnir og stílagærð var góð aðferð til þess að láta reyna á

málfræðikunnáttu. Haldið var úti þættinum „orð vikunnar“ þar sem kynnt var eitt nafnorð/hugtak og orðaforði því tengt. Lögð var áhersla á að nemendur lærðu fjölbreyttan orðaforða og öðluðust hæfni í að skilja talaða dönsku.

Lífsleikni

Í lífsleikni var unnið með líðan og tilfinningar ásamt samskiptum. Mannréttindi voru nokkuð stór þáttur á þessu skólaári. Fundarsköp og viðburðastjórnun voru æfð. Notaðar voru samræður, innlagnir og hópavinna. Námsmat er símat.

Upplýsingatækni

Aðaláherslan var á forritun og var blokkaforritun æfð af kappi. Þá var rennt lauslega yfir sögu tölvutækninnar og hnykkt á grunnatriðum varðandi virkni tölva. Forritað var fyrir vélmenni sem eru í eigu skólans. Undir lokin var unnið að heimasíðugerð.

Íþróttir

Í íþróttum var lögð áhersla á einstaklingsbundna þol og styrktarþjálfun, hópleiki og hótefli, samskipti og verkefni sem miðuðu að því að auka sjálfstæði nemenda. Unnin voru lýðræðisleg verkefni sem höfðu það að markmiði að auka metnað og áhuga nemenda.



*Tarsanleikur skipulagður af
nemendum elsta stigs*

Smiðjur

Verk- og listgreinar voru kenndar í fjórum hópum nemenda 1.-7. bekkjar. 1. bekkur var sér, 2.-4. bekkur voru saman, 5. bekkur sér og 6. og 7. bekkur saman. Hver hópur fékk 16-18 stundir nema síðasti hópurinn sem fékk mun færri tíma þar sem verkgreinakennsla var ekki í gangi meðan á sóttvarnatímabilinu stóð. Aðstaða til verkgreinakennslu leyfir að hámarki átta nemendur í hópi. Í þessum tímum fengust nemendur við hefðbundin verkefni sem tilheyra smíði og hönnun, textíl, heimilisfræði og myndmennt. Nemendur 8.-10. bekkjar sóttu sínar verkgreinar í Grunnskólann á Ísafirði.

Textíll

Farið var í grunnþekkingu í textíl, hvernig á að nota tæki og tól hverju sinni. Aðallega var farið í útsaum, saumað í saumavél og prjónað.

Heimilisfræði

Farið var í grunnþekkingu í heimilisfræðum, borðsiði, hvernig á að fara eftir einföldum uppskriftum, nota áhöld sem eru í eldhúsum, lesa á umbúðir, flokka sorp og þekkja helstu hættur í umhverfinu.

Smíði og hönnun


Unnin voru margvísleg verkefni í tré með áherslu á sköpun með listrænu ívafi. Áhersla var lögð á verk hæfni og að nemendur gætu unnið verkefni sín frá grunni það er gerðu sér grein fyrir verkferlinu frá teikningu til smíðisgripa.

Myndmennt

Farið var í helstu aðferðir myndsköpunar, orðaforða tengdum viðfangsefnum og gerð bæði tvívíð og þrívíð verk. Hver hópur fékk að kynnast einum listamanni og gera verkefni í hans anda.

Föstudagsverkefni

Föstudagsverkefni er áhugasviðsverkefni nemenda í 4.-10.bekk. Eins og nafnið ber með sér fór það fram á föstudögum og þá vinna nemendur að verkefnum sem þeir skipuleggja að mestu sjálfir. Ýmist er unnið innan ákveðins þema sem kennarar leggja til eða að nemendur hafa algjörlega frjálst val um viðfangsefni. Efnistöð og skil eru alltaf skipulögð af nemendum. Eftir því sem leið á veturinn öðluðust bæði nemendur og starfsmenn meiri færni í að skipuleggja verkefni og tengja þau markmiðum aðalnámskrár. Nemendur voru yfirleitt mjög áhugasamir og vinnugleði þeirra mikil í þessum verkefnum. Verkefnið er hluti af þróunarverkefni skólans og hefur meðal annars það markmið að efla ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir eigin námi, sjálfstæði þeirra og verkfærni. Oft skila nemendur verkefnum sínum rafrænt og létum við búa til myndband af lokaskilum vetrarins, hlekkur á myndbandið er á eftirfarandi slóð:



Upplýsingaspjald um eldgos

https://www.youtube.com/watch?v=cfGaQH7dnyU&feature=youtu.be&fbclid=IwAR1OK0QvkYIL3Vx7ZQXaaKxT-Zz8Zwg3Ratfez7WzO6j6z49Fli_CBtogaYA

Valgreinar

Nemendur 8.-10.bekkjara sóttu fjórar kennslustundir á viku í valgreinum í Grunnskólann á Ísafirði. Þar er mikið framboð af greinum og var val nemenda einstaklingsbundið. Á mánudögum ferðuðust nemendur alfarið með almenningssamgöngum en á fimmtudögum sá skólinn þeim fyrir ferð til Ísafjarðar og þeir tóku svo almenningssamgöngur heim.

Miðvikudagsval

Þetta var ein kennslustund á viku. Nemendur völdu hvað þá langaði til að prufa að gera og voru þetta því fjölbreytt verkefni. T.d. bakað, eldað, jóga, slökun, spiluð félagsvist, horft á *Friends* og farið í göngutúr. Kennari var Bryndís Ásta Birgisdóttir, umsjónarkennari unglingastigs.

Forföll nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur 43 en tveir nemendur bættust við á árinu og því voru 45 nemendur í skólanum við skólaslit í vor. Almennt er mæting í skólann góð og engar óheimilar fjarvistir. Leyfis dagar sumra nemenda eru þó það margir að líklegt er að þeir hafi áhrif á námsframvindu. Þrjá nemendur vantar 35 daga eða meira sem er um 20% fjarvera. Tveir nemendur mættu í skólann alla daga vetrarins. Í töflu hér að neðan má sjá meðaltalsfjarveru og seinkomur nemenda síðustu þrjú skólaár.

meðaltöl	veikindadagar	leyfis dagar	seint
2019-2020	4,2	5,6	1,7
2018-2019	3	4,9	0,9
2017-2018	5,2	7,7	1,4

Um starfsmannamál


Stöðugildi við skólann voru samtals 7,9, þar af 6,3 við kennslu og stjórnun, 1,6 við önnur störf og 0,18% starf náms- og starfsráðgjafa. Auk þess naut skólinn þjónustu skólahjúkrunarfræðings eftir þörfum. Engin langtímaveikindi lituðu skólastarfið að þessu sinni og ávallt reyndist unnt að manna nauðsynleg forföll. Eldri nemendur voru þó stundum sendir heim eftir hádegi. Veikindadagar starfsmanna voru 48 eða 4 að meðaltali. Leyfis dagar voru 41 eða 3,4 að meðaltali og hluti þeirra vegna símenntunar. Greidd forföll voru 108 tímar, skólastjóri tók talsvert af forfallatímum, eða að meðaltali tvo tíma á viku, bæði til að leysa vanda en einnig til að koma að kennslu fleiri nemenda.

Samræmdar mælingar

Skólum bjóðast ýmsar samræmdar mælingar og hér verður gerð grein fyrir þeim helstu sem við höfum tekið þátt í með einum eða öðrum hætti.

Samræmd könnunarpróf

Menntamálastofnun leggur fyrir könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og í íslensku, stærðfræði og ensku í 9. bekk. Nemendur skólans hafa undanfarin ár verið færri en 10 í árgöngum og því eru meðaltalstölur hvers árs ekki birtar heldur meðaltal raðeinkunna síðustu fimm ára. Samræmt próf var í fyrsta sinn lagt fyrir í 9. bekk árið 2016 og árið 2017 urðu alvarleg tæknimistöð hjá Menntamálastofnun við fyrirlagningu svo ekki verður til grunnur til að búa einkunnir 9. bekkjar til birtingar fyrr en árið 2022. Skólinn getur samt sem áður byggt mat sitt á námsárangri á árangri nemenda á þessum prófum. Hér má sjá meðaltals raðeinkunnir nemenda í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði síðustu ár og sjá má að árangur hefur farið vaxandi í 4. bekk en ekki í 7. bekk. Árangur í stærðfræði er betri en í íslensku og gefur það vísbendingar um að með breyttum kennsluháttum verði hægt að auka árangur nemenda í íslensku.



Árangur nemenda í 9. bekk var betri í ár en á því síðasta en þó enn nokkuð frá því að vera ásættanlegur.

Lesferill

Á vef Menntamálastofnunar má fá lesfimiþróf sem lögð eru fyrir í flestum skólum landsins. Prófin eru lögð fyrir þrisvar á skólaárinu og fær skólinn niðurstöður sínar bornar saman við niðurstöður allra annarra sem taka prófin. Sett eru fram þrjú viðmið fyrir hvern árgang, það er lágmarksviðmið sem gert er ráð fyrir að allir nemendur nái, meðaltalsviðmið sem gert er ráð fyrir að flestir nemendur nái og svo efsta viðmið sem aðeins vel læsir nemendur ná. Ekki er hægt að birta yfirlit skólans þar sem nemendur í hverjum árgangi eru fáir og mögulegt að lesandi geti áttað sig á stöðu einstaklinga. Niðurstöður skólans hafa ekki verið ásættanlegar í þessum mælingum, þrír árgangar hafa þó bætt stöðu sína verulega milli ára og er það vel að öðru leyti endurspeglast vinna með lestur og læsi í starfsmarkmiðum skólans. Skólasviði Ísafjarðarbæjar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðunni.

Milli mála

Könnunarpróf sem nefnist „Milli mála“ er staðlað og ætlað til að kann kunnáttu nemenda af erlendum uppruna í íslensku. Það er Elín Þöll Þórðardóttir prófessor við Háskólann í Ontario í Kanada sem er ábyrgðarmaður þess prófs. Þar sem málumhverfi nemenda í Grunnskólanum á Suðureyri er nokkuð sérstakt var ákveðið að prófa alla nemendur með þessu prófi. Niðurstaða þess styður mikilvægi þess að unnið sé með orðaforða á markvissan og öflugan hátt með öllum nemendum skólans.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Keypt er túlkaþjónusta fyrir foreldrafundi og fundi með sérfræðingum ef þörf er á. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur vegna sameiginlegra viðburða skólanna í bæjarfélaginu, valgreina sem nemendur fara í á Ísafirði og annarra ferða á vegum skólans.

Sjálfsmat

Í 35. og 36. gr. VIII kafla í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2019-2020. Í skólanum er matskerfið „Gæðagreinar“ notað við flesta matsþætti, allir starfsmenn vinna saman að matinu í skipulögðum gagnrýnum samræðum og í sumum matsþáttum taka nemendur einnig þátt. Einnig er stuðst við niðurstöður úr könnunum

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2019-2020

Skólapúlsins, könnunum sem við gerum sjálf, niðurstöðum starfsmannasamtala og niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum og lesferilsprófum Menntamálastofnunar við sjálfsmatið. Í vetur voru unnin fjögur matsverkefni sem nánar er lýst í matsskýrslu skólans, einu verkefni, samstarfi heimila og skóla, var frestað þar sem foreldrakönnun Skólapúlsins fyrir skólann fer fram á næsta ári og því heppilegra að vinna þann matsþátt þá. Helstu niðurstöður matsins voru notaðar til að búa til umbótaáætlun næsta skólaárs og við að setja starfsmarkmið fyrir skólaárið 2020-2021.

Viðhald

Á sumarmánuðum 2019 voru miklar framkvæmdir í skólahúsnæðinu en þá var þak á stórum hluta skólans endurnýjað vegna myglu. Slíkar framkvæmdir kalla oft á að ýmislegt smálegt sé lagfært í leiðinni og átti það vel við að þessu sinni. Lýsing í tveimur kennslustofum var lagfærð þar sem vegna viðhaldsvinnunnar þurfti að leggja nýtt rafmagn, opnað var milli tveggja rýma í starfsmannaaðstöðu þannig að nú deila allir starfmenn sama vinnurými, settur var milliveggur þannig að aðeins væri ein hurð á skrifstofu skólastjóra og aðgengi starfsmanna að rafmagnstöflu óhindrað. Þá var bókasafn skólans fært yfir á gang á efri hæð og bætir það aðgengi nemenda að lesefni og ein heil kennslustofa fékkst til ráðstöfunar. Tónskólinn hefur því nú endastofu á annarri hæð til umráða og nánast engin önnur kennsla fer þar fram.

Aðkallandi eru eftir sem áður lagfæringar á salernum, heimilisfræðiaðstöðu, í anddyri og á kaffistofu og vinnusvæði kennara. Æskilegt væri að opna milli tveggja stofa á efri hæð og setja þar rennihurð. Einnig þarf að klára vinnu við skólalóðina.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2019 gerði ráð fyrir heildarkostnaði við rekstur hans upp á 97.919.310 krónur, niðurstöðutölur ársins voru 99.977.490 eða mismunur upp á 2.058.180 krónur eða um 2% svo segja má að fjárhagsáætlun hafi staðist nokkuð vel. Keyptir voru tveir nýir skjávarpar, skóhillur og bókahillur, gerðar voru lagfæringar á netbúnaði, keyptar fjórar fartölvur og margvísleg önnur smærri gögn og búnaður. Endurnýja þarf húsgögn á vinnusvæði kennara og á kaffistofu og helst þyrfti að fá ljósleiðara í skólann, kaupa lítinn snjóblásara og setja vask í myndmenntastofu.

Samstarf við nærsamfélagið

Súgfirðingar standa vel við bakið á skólanum og sýna það í verki með margvíslegum hætti og öll fyrirtæki á svæðinu styðja dyggilega við félagslíf nemenda.

Ekki hefur gengið sem skyldi við að fá ráðgjöf við að koma steinasafni skólans í sýningarhæft ástand þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en skólinn fékk í fyrra peningagjöf frá Þóru Þórðardóttur sem nota skal í þetta verkefni. Kvenfélagið Ársól og Klofningur hafa veitt skólanum vilyrði fyrir fjárstyrk til að kaupa rafmagnstrommusett og Ársól ætlar einnig að styrkja skólann til að láta mála á skólalóðina. Það kemst vonandi í framkvæmd áður en skóli hefst í haust.

Samstarf við leikskólann Tjarnabæ gekk samkvæmt áætlun. Nýnemar fór í heimsókn í leikskólann í haust og elstu nemendur leikskólans komu í heimsóknir í skólann en það skipulag raskaðist þó nokkuð vegna sóttvarnafyrirmæla. Einnig hafa skólarnir sameinast um ferðir á viðburði og vorferð yngsta stigs grunnskólans og elstu nemenda leikskólans var sameiginleg. Samstarf við Tónskólann hefur verið með ágætum, hljóðfæranám fer fram í skólanum bæði fyrir og eftir hádegi, sumir nemendur eru teknir út úr kennslustundum til að fara í hljóðfæratíma en aðrir fara eftir að annarri kennslu lýkur.

Lokaorð

Margskonar utanaðkomandi þættir höfðu töluverð áhrif á skólastarfið á yfirstandandi skólaári og urðu til þess að ekki hefur verið hægt að halda áætlunum í ýmsum verkefnum, þar á meðal þróunarverkefni skólans um eflingu samstarfs heimila og skóla og Erasmus+verkefninu. Í báðum þessum verkefnum var gert ráð fyrir miklu samstafi við fólk úr öðrum landshlutum, stofnunum eða úr samfélaginu en bæði tíð óveður og sóttvarnarfyrirmæli urðu til þess að fella varð niður viðburði og fræðsluerindi. Þeir hlutar þróunarverkefnisins sem snúa að starfi innan veggja skólans hafa gengið nokkuð vel og haldið verður áfram með þá á komandi skólaári og vonandi tekst okkur þá að halda endurskoðaðri áætlun um samstarf og fræðsluerindi fyrir foreldra. Nemendur hafa verið mjög ánægðir með það sem við köllum föstudagsverkefni þar sem þeir fást við verkefni að eigin vali en þurfa að uppfylla ákveðin markmið í hvert sinn. Lýðræðisvinna hefur gengið vel og nemendur eru orðnir nokkuð meðvitaðir um að þeir geta haft áhrif á margt í skipulagi skólastarfsins og eru jafnframt virkir gerendur í eigin námi. Starfsfólk skólans þurfti, eins og starfsfólk annarra skóla á Íslandi, að beita hugmyndaauðgi við að endurskipuleggja skólastarf aftur og aftur með tilkomu nýrra fyrirmæla í tengslum við sóttvarnir og sýndi með því mikinn sveigjanleika sem ekki var sjálfsagður og seint verður fullpakkaður. Með þessum orðum þakka ég öllum samstarfsaðilum ársins fyrir gott samstarf.

Suðureyri 7.júlí 2019

Jóna Benediktsdóttir

skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri

skólaárið 2019-2020